


Magnús Tómasson á Kjarvalsstöðum:

Náttúran beisluð innan dyra

Höggmyndalistin hefur tekið miklum breytingum á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá því SÚM-hópurinn kom fram með ný viðhorf til listarinnar; hugmyndalist, nýdadaisma, fluxus o.fl. Upphaflega var það upphafing hins hversdaglega hlutar og ljóðræn afstaða til listarinnar sem ein- kenndi umbreytingu höggmyndarinnar á sjöunda áratugnum, en til lengdar hefur sambáttn listar og umhverfis orðið að meginþætti hinnar breyttu sýnar á eðli höggmyndarinnar. Magnús Tómasson, sem var einn af stofnendum SÚM-hópsins, hefur í gegnum árin þróað verk sín frá ljóðrænum smámyndum þar sem fundnir hlutir hafa verið í fyrirrúmi til meiriháttar umhverfisverka sem taka mið af umhverfi sínu jafnt í efni sem formi. Á meðal slíkra verka má nefna Þotuhreiðrið við Leifsstöð og verk á lóð Vesturbæjarskólans þar sem hornum úr ryðfríu stáli hefur verið komið fyrir á þremur stórum steinum. Um helgina var opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á nýjum verkum Magnúsar sem voru ekki hugsuð með eitt tiltekið rými

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson



Magnús Tómasson við eitt verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum. DV-mynd ÞÓK

Myndir Bobs Flannagan á Mokka:

Hver er perri?

Sýningin sem nú hengir á Mokka er svo ólík þeim skreytingum sem kaffihúsagestir eiga að venjast að aðstandendum hennar hefur ekki þótt óhætt annað en að ganga þannig frá að aðeins þeir sem eftir því sækjast fái lítið myndirnar. Fyrir hverri mynd hangir svart tjald sem áhorfandinn þarf að draga til hliðar til að skoða ljósmyndina sem bak við það er falin en þeir sem hætta sér bak við tjöldin fá að sjá myndir sem er ólíkt meira krassandi en það sem alla jafna er hylt sem eróttík í myndlist. Bob er masókisti og fer ekki fint með það. Í stað þess að fara í felur með kenndir sínar eða veita þeim aðeins útrás í lokuðum hópi vina hefur hann steypt þeim í ist og birtir nú myndir af sér í ástarleik út um alla veröld. Þetta hefur honum tekist svo vel að tímaritið Re-search hefur gefið út sérrit um hann, en það tímarit gefur toninn fyrir margt það sem mest er „in“ vestanhafs um þessar myndir (þetta er tímaritið sem hratt af stað b-myndaæðinu, gerði „götun“ og húðristur að tiskufyrirbæri og iðnaðartónlist að söluvöru).



Unnendur masókisma geta notið sýningar Bobs Flannagan á Mokka.

Myndlist

Jón Proppé

Verk Bobs má kannski skoða sem gagnlega kynningu á þeim neðanjarðarkúltúr sem sprottið hefur upp kringum masókismann, þótt útbreiðsla hans sé nú orðin slík að það er vart þörf á að kynna hann lengur fyrir öðrum en þeim allra íhaldssömum. En það skemmtilegasta við starf Bobs er að honum hefur í einhverjum skilningi tekist að gera kynlíf sitt að fullu starfi en í því fylgir hann reyndar fordæmi allmargra annarra listamanna í Bandaríkjunum þar sem listsýningar snúast í æ ríkara mæli um typpi og þikur listamannanna.

Sýningin á Mokka er vissulega skemmtileg og þörf að því leyti að hér á landi hefur afskaplega lítið borið á umræðu eða sýningum úr þessum geira lista- og kynlífsins - það hefur einkum verið á Mokka að þessi angí Ameríkulistarinnar hefur fengið inni. Og þótt sumum kunni kannski að finnast sýning af þessu tagi vera sér óviðkomandi er líklega öllum hollt að kíkja bak við tjöldin á Mokka. Við erum jú öll þessir inn við beinið.

eða umhverfi sem viðmið en bera samt sem áður sterk höfundareinkenni listamannsins.

Erlend og innlend goðsagnaminni

Á sýningu Magnúsar eru alls sjö verk og hefur þeim verið komið fyrir í miðrými Kjarvalsstaða þar sem útbirtu nýtur. Að mínu mati hefði þó farið mun betur á því að koma einhverjum verkanna fyrir utan dyra, sérstaklega verkum á borð við Ódysseif I-II, sem virðast gerð sem útilista- verk. Vel mætti hugsa sér að nýta útirýmið sunnan miðrýmisins til skúlptúrsýninga, enda er hægt að ganga þangað beint út úr miðrýminu og horfa þangað í gegnum gler úr þremur áttum. Fyrirnefnd verk tileinkuð goðsögninni um Ódysseif hljóta að teljast þau víðamestu og um leið eftirtektarverðustu á sýningunni. Verkin vekja raunar ekki síður hugrenningatengsl við innlend goðsagnaminni eins og súlur Ingólfs og þar er þjóðlegu efni s.s. rekavið og stuðlabergi teft á móti mótuðum strýtum úr málmum sem hvíla í réttthyrndu vatnskeri.

Innihumor gegn útikrafti

Að mínu mati kalla verk þessi beinlínis á það að vera sett upp utandyra í grennd við vatn eða sjó. Í þeim birtast vel höfundareinkenni Magnúsar þar sem hrárrí óreiðu náttúrunnar er teft gegn efni mótuðu af listamanninum, gjarnan slípuðu ryðfríu stáli. Í ágætlega hannaðri sýningarskrá fer Ólafur Gíslason nokkrum orðum um þetta einkenni á list Magnúsar og hvernig list hans hefur smátt og smátt þróast í átt til umhverfisskúlptúrs. Í raun má segja að sýningin skiptist í tvennt; skúlptúra á borð við hina fyrirnefndu sem nytu sín betur utan dyra og svo húmorísk og ljóðrænni verk sem njóta sín ágætlega í miðrými Kjarvalsstaða. Lúðrabýtur er t.a.m. slíkt verk, en þar teygja svanur og lúður álkur sínar upp úr hrúgum úr mól og silfurbergi. Verk sem þessi eru gerólik hinum stórbrotnu náttúrukraftaupstillingum listamannsins og sýning þessi hefði án efa verið sterkari ef verkunum hefði verið skipt upp í úti- og innverk og þau síðan látin kallast á í gegnum glerið. Er vonandi að hugað verði að slíkum möguleikum á Kjarvalsstöðum í framtíðinni. Sýningin á verkum Magnúsar Tómassonar stendur út maí.

Upplýsingamiðstöð myndlistar

Menntamálaráðuneytið hefur gert samstarfssamning við Samband íslenskra myndlistarmanna og Myndstef, höfundarréttarsamtök myndlistarmanna, um stofnun Upplýsingamiðstöðvar myndlistar. Í samningnum, sem er til fjögurra ára, er kveðið á um skipun verkefnisstjórnar sem vinni að uppbyggingu miðstöðvarinnar og fjármögnun verkefnisins. Á næstu fjórum árum er miðað við að menntamálaráðuneytið leggi til samtals 10 milljónir til Upplýsingamiðstöðvarinnar.

Hlutverk miðstöðvarinnar verður að efla kynningu á íslenski myndlist. Verkefnisstjórn er skipuð þeim Þórunni J. Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Sólveigu Eggertsdóttur frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Knúti Bruun hrl. frá Myndstefi.

Finnskur sjónvarpsþáttur með íslenskri ljóðlist

Finnska sjónvarpið er um þessar mundir að vinna þátt um Ísland í máli og myndum. Texti þáttarins er að meginstofni til byggður á ljóðum íslenskra skálda sem birtust í hausthefti finnsk-sænska menningartímaritsins Horisont í þýðingu og ritstjórn skáldanna Lárusar Mús Björnssonar og Martins Enckells. Þetta er þemahefti um íslenska samtímaljóðlist og hefur hlotið góða dóma í finnskum og sænskum blöðum.

Þátturinn hefst og honum lýkur jafnframt með ljóði Elísabetar Jökulsdóttur, Ertu sögnin að fljúga? Önnur skáld sem eiga ljóð í þættinum eru Árni Ibsen, Baldur Óskarsson, Györir Eliasson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jóhann Hjálmarsson, Kristín Ómarsdóttir, Lárus Már Björnsson og Linda Vilhjálmisdóttir.



anna jóa í París.

anna jóa sýnir í Gallerí Greip

Myndlistarkonan Anna Jóhannsdóttir, eða anna jóa, opnar sýningu á u.þ.b. 10 olíumálverkum í Gallerí Greip laugardaginn 15. apríl nk. kl. 16. Sýningin nefnist Málverk tileinkuð Esjunni og stendur til 30. apríl. Hún verður opin um páskana frá kl. 14-18.

Þetta er önnur einkasýning önnu jóu hér á landi en hún er við framhaldsnám í París og kom sérstaklega til Íslands til að setja upp sýninguna. anna jóa er fædd í Reykjavík 1969, útskrifaðist frá MR 1989 og frá Myndlista- og handiðaskólanum vorið 1993. „Kveikjan að sýningunni í Gallerí Greip er Esjumynd máluð haustið 1993. Síðan hafa orðið til fleiri Esjumyndir þar sem gættir nýrra áhrifa sem eiga rætur sínar að rekja til stuttrar teiknimyndar sem ég er að vinna að,“ sagði anna jóa í samtali við DV.

Norskur djass á kosningakvöldi

Fyrir milligöngu norska sendiráðsins kom norskt djasstríó hingað til lands um síðustu helgi. Tríóið lék á Jazzbarnum í Lækjargötu á föstudagskvöldið og komu þar einnig fram íslenskir djassmenn. Á laugardagskvöldið var tríóið hins vegar í Djúpinu við Hafnarstræti. Þó nokkuð var af fólki þar og gerður var góður rómur að leik þeirra félagi. Asbjörn Johannesen lék á saxófóna, Vigleik Storas á píanó og Björn Aalterhaug á kontrabassa. Efnisskráin samanstóð af frumsömdum verkum Vigleiks og Björns ásamt verkum eftir aðra norræna höfunda.

Fyrsta verkið, „Kyria“, eftir Björn, sem

hummaði laglínuna með saxófóninum, var byggt á þjóðlagi og mjög gripandi. Það er ekki

Djass

Ingvi Þór Kormásson

að spyrja að því hvað þeir eru alltaf þjóðlegir, Norsararnir.

Vigleik átti svo tvö verk og var annað þeirra afar fín ballaða. Flutningur tríósins var kyrrlátur en ekki um of, góð sveifla í gangi og slag-

verks lítið saknað. Allir þrír eru mjög frambærilegir hljóðfæraleikarar og heldur meira en það. Reyndar er Vigleik Storas ný stjarna í norsku djasslífi og leikur m.a. með Karin Krog, John Surman og Terje Rypdal í Norræna kvartettinum á samnefndri splunkunýrri plötu, Nordic Quartet.

Það var gaman að fá svona sýnishorn af norsku djassi og ekki spilltu ljósmyndir (unnar í grafík) listakonunnar Silje af hljóðfæraleikurum við iðju sína en þær skreyttu veggj veitingastaðarins.